

## Selló

Hljóðfærið tilheyrir fjölskyldu strengjahljóðfæranna og hefur sömu lögun og fiðlan. Sellóið kom fyrst fram um 1600 og hefur síðan í meginatriðum verið óbreytt. Sellóið er viðkvæmt hljóðfæri og fyrirferðarmikið. Ungir nemendur geta því átt í nokkrum erfiðleikum með að flytja það á milli staða.

Til eru selló í mörgum stærðum. Flestir tónlistarskólar leigja út hljóðfæri til nemenda sinna fyrstu árin en yfirleitt er gert ráð fyrir að nemendur eignist eigið hljóðfæri þegar þeir eru farnir að nota hljóðfæri í fullri stærð.

Algengast er að nemendur hefji nám um 8 ára aldur. Sé boðið boðið upp á viðeigandi kennsluaðferðir, s.s. Suzuki-aðferð, geta nemendur byrjað fyrr, allt niður í 4 ára aldur. Þess eru þó mörg dæmi að nemendur hafi byrjað nám mun seinna en hér að ofan er lýst og náð góðum árangri.

*(Aðalnámskrá tónlistarskóla)*



- - -

Nemendur á blásturs- og strokhljóðfæri, slagverk, gítar og söng hefja þátttöku í **hljómsveitum eða samspili** strax og geta leyfir (á 1. - 3. ári).